



AUSTURRÍKI VÖTN OG DALIR, ALPAR OG JÓÐL 16. - 26. ÁGÚST 2018

Við fljúgum frá Keflavík með Icelandair að morgni 16. ágúst, kl. 07:20 og lent í München í Þýskalandi kl. 13:05 að staðartíma. Ekið sem leið liggur til Zell am See í Austurríki, sem er fyrsti næturstaður.

16.-20. ágúst: Það er fátt sem jafnast á við töfraveröld Alpanna. Við notum daginn til að njóta fjallaloftsins og losa okkur við ferðapreytuna. Litli heilsubærinn Schuttorf er við vatnið Zeller See og þar höldum við til í fjórar nætur. Við Zeller See getur engum leiðst. Þarna er að finna iðandi mannlíf, elstu húsin eru frá þrettánda öld, nútímaverslanir, veitingahús og markaðir. Auk þess er hægt að svífa upp á fjallstinda með svifbrautum, stunda golf, hjólréiðar, fjallaklifur eða sund og gönguleiðir liggja í allar áttir. Fyrir sunnan bæinn gnæfa 30 fjallstindar, sem eru yfir þrjúþúsund metrar á hæð. Hæst bera Kitzsteinhorn, Gross Venediger og Grossglockner, sem er hæstur 3.797 m.y.s. Bærinn stendur við jarðhnetulagað vatnið Zeller See, sem er 3,8 km. langt og 1,5 km. á breidd, þar sem það er breiðast.

Við skoðum nánasta umhverfi og látum veður, vind og geðslag ráða för. Jökullinn Kitzsteinhorn er helsta aðdráttarafli Alpanna og svæðið er flaggskip Alpanna í ferðapjónustu og einn vinsælasti ferðamannastaður Evrópu.



20.-23. ágúst: Við kveðjum Zeller See og höldum för okkar áfram um fjallaveröld Alpanna. Við stöldrum við hjá handverksfólki, bjöllum, bændum og jóðlurum á leið okkar til smábæjarins Seefeld í Tíról. Bærinn stendur í um 1.180 m.y.s, umvafinn fjöllum og er með þekktustu ferðamannabæjum Tíról. Þorpið er miðja vegu milli Mittenwald og Innsbruck á fjallssöðlinum Seefelder Sattel, sem myndaðist á síðustu ísöld. Kirkjan er frá 15.öld, suðurhliðið síðgotneskt og fallegar myndir og höggmyndir inni í henni. Skammt suðvestan Seefeld er Seekirchl, hringbygging frá 1628. Við suðurenda bæjarins er lítið vatn, Wildsee, með strandbaði og heitum sundlaugum. Svifbrautir liggja upp á fjöll, náttúrufegurð er mikil og þarna sést vel til hæsta fjalls Þýskalands, Zugspitze. Í Seefeld gistum við í þrjár nætur.

Frá Seefeld förum við í skemmtilegar skoðunarferðir, m.a. til Innsbruck sem er höfuðstaður Tíról, með einkar heillandi miðaldamiðbæ. Innsbruck, er umvafinn fjöllum og feegurð, jafnt sumar sem vetur. Miðaldahluti borgarinnar er sérstaklega heillandi, en borgin var ein af borgum Habsborgaranna. Ætt Habsborgara var ein mikilvægasta konungsaett Evrópu og var blómatími borgarinnar á 15. öld undir stjórn Maximilian I af Habsborg.



Hann lét byggja húsið með gullþakinu sem stendur við eitt fallegasta torg í Tíról og vekur jafnan mikla athygli. Borgin var á þeim tíma ein af menningar- og listaborgum landsins.

23.-26. ágúst: Við kveðjum Tíról og höldum til Þýskalands, um bæinn Mittenwald sem er rétt við landamærin, bær sem á sér engan líkan, með sínum litlu myndskreyttum húsum, bæjarlæk og skemmtilegum verslunum. Bærinn er frægur fyrir smíði strengja- og plockhljóðfæra, s.s. fiðlu og gítars og stendur minnisvarði af Matthias Klotz upphafsmanni fiðlusmíði í Mittenwald fyrir utan fiðlusafn bæjarins. Förum um Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi sem er einn þekktasti skíðabær landsins og Oberammengau sem er við ána Ammer í dalverpi, umkringgt Ammergau-Ölpunum. Bærinn er vinsæll hressingar- og vetraríþróttastaður. Þar er ríkisrekinn tréskurðarskóli og margir íbúanna stunda tréskurð. Bærinn er einnig heimsfrægur fyrir helgileika sem fara þar fram á tíu ára fresti. Deginum lýkur í Bernried við vatnið Starnberger í Bæjaralandi.

Starnberger vatnið er í suðvestur frá München. Vatnið er um 20 km. langt og allt að 4,5 km á breidd og er fjórða stærsta vatnið í Bæjaralandi, vinsælt til siglinga og vatnasports. Nyrst við vatnið er litli bærinn Berg sem er þekktastur fyrir að þar druknaði sjálfur Lúðvík II konungur Bæjarlands árið 1886. Við ætlum að halda okkur við vatnið og skoða næsta nágrenni síðust daga ferðarinnar.

Flogið heim 26. ágúst frá München kl. 14:05 að staðartíma. Lent í Keflavík kl. 16:00

VERÐ:

290.000 kr. á mann í tveggja manna herbergi.

Aukagjald fyrir einbýli 31.000 kr.

(ath. þeir sem ekki ferðast með ferðafélaga, þurfa að greiða f. eins manns herbergi.)

Verð fyrir þá sem bóka, og greiða staðfestingargjald við bókun, fyrir 31. janúar 2018:

285.000 kr. á mann í tveggja manna herbergi.

Annars greiðist staðfestingargjald innan 10 daga frá bókun.

Staðfestingargjald er 10% af verði ferðar og er óafturkræft.

VINSAMLEGAST KYNNIÐ YKKUR [FERÐASKILMÁLA](#) OKKAR.

Innifalið:

- Flug með Icelandair, til og frá Keflavík og flugvallarskattar.
- Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- Morgunverður alla daga.
- Kvöldverður alla daga.
- Allur akstur erlendis, íslensk fararstjórn og leiðsögn.

Fararstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögukona Sigurbjörg Árnadóttir. Upplýsingar og bókanir í síma 476-1399.